

LÖG

um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum (skip- og vélstjórnarréttindi).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: meistararéttindum í iðngrein eða öðru fagnámi sem ráðherra viðurkennir og nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.